

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 550/2010 um Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglnanna:

- a. Í lok 2. másl. 1. mgr., á eftir orðinu „alþjóðamála“, bætist við orðið: friðarmála.
- b. 3. másl. 1. mgr. orðast svo: Innan stofnunarinnar starfa Rannsóknasetur um smáríki, Rannsóknasetur um norðurslóðir og Höfði, friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands, sbr. 3. gr.
- c. Á eftir 3. másl. 1. mgr. bætist við nýr máslíður, svohljóðandi: Forseti félagsvísindasviðs undirbýr samstarfssamninga um stofnunina við aðila utan Háskóla Íslands, sem rektor staðfestir.
- d. 2. mgr. fellur brott.

#### 2. gr.

Í b. lið 1. mgr. 2. gr. reglnanna, á eftir orðinu „atvinnulífs“, bætast við orðin: frjálsra félagsamtaka.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglnanna:

- a. 1. mgr. orðast svo:  
Rannsóknasetur um smáríki, Rannsóknasetur um norðurslóðir og Höfði, friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands eru faglega sjálfstæðar einingar sem starfa innan Alþjóðamálastofnunar.
- b. Í 3. másl. 2. mgr., á undan orðunum „eftirlit með“, bætast við orðin: umsjón og.

#### 4. gr.

Í stað tölunnar „9“ í 2. mgr. 4. gr. reglnanna kemur: 8.

#### 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglnanna:

- a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Stjórn félagsvísindasviðs tilnefnir þrjú stjórnarmenn og stjórn hugvísindasviðs tvo.
- b. Á eftir 2. másl. 1. mgr. bætist við nýr máslíður, svohljóðandi: Forseti félagsvísindasviðs, að höfðu samráði við forseta hugvísindasviðs, skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar, m.a. frá samstarfsaðilum stofnunarinnar sem samningar hafa verið gerðir við, sbr. 1. gr.
- c. Á eftir núverandi 4. másl. 1. mgr. bætist við nýr máslíður, svohljóðandi: Stjórnin kýs sér formann úr hópi fulltrúa Háskóla Íslands.

#### 6. gr.

Í stað orðanna „Félagsvísinda- og hugvísindasvið“ í upphafi 1. másl. 1. mgr. 6. gr. kemur: Félagsvísindasvið og hugvísindasvið.

#### 7. gr.

7. gr. reglnanna fellur brott og breytist tölusetning þeirra greina sem á eftir koma samkvæmt því.

#### 8. gr.

4. másl. 3. mgr. núverandi 9. gr. reglnanna fellur brott.

9. gr.

Í stað orðanna „félagsvísinda- og hugvísindasviðs“ í b. lið 1. mgr. núverandi 11. gr. reglnanna kemur: félagsvísindasviðs og hugvísindasviðs.

10. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett að fenginni tillögu stjórna félagsvísindasviðs og hugvísindasviðs og á grundvelli heimildar í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 7. apríl 2017.*

**Jón Atli Benediktsson.**

*Þórður Kristinsson.*